



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1124  
komudagur 5.3.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 5. mars 2010

Tilvísun: 2010020034

50.03

Tilvísun yðar: þskj. 614 - 343. mál.

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

Athygli efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur verið vakin á ákvæði 11. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Þingskjal 614 – 343. mál.

Innan efnahagsbrotadeildar starfar svokölluð peningaþvættisskrifstofa skv. reglugerð nr. 626/2006. Penningaþvættisskrifstofa tekur á móti tilkynningum um viðskipti þar sem grunur er um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka frá tilkynningarskyldum aðilum, sbr. ákvæði laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nánast allar tilkynningar um grun um peningaþvætti berast frá fjármálafyrirtækjum. Á árinu 2007 voru 491 af 496 tilkynningum frá fjármálafyrirtækjum og árið 2008 voru sömu tölur 514 af 520.

Tilgangur laga nr. 64/2006 er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda svokallaða tilkynningarskylda aðila, sem eru m.a. fjármálafyrirtæki, til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna það til bærra yfirvalda verði þeir varir við slíka ólögsmæta starfsemi, sbr. 1. gr. Grundvallaratriði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og raunar allrar fjármálastarfsemi, er að þekkja viðskiptamann sinn.


Vegna rannsóknar á tilkynningum hefur lögreglan víðtækar rannsóknarheimildir samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 64/2006. Þar kemur fram að samkvæmt skriflegri beiðni lögreglu, sem rannsakar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, skulu tilkynningarskyldir aðilar láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningar. Ekki sé þörf á dómsúrskurði vegna upplýsingagjafar samkvæmt ákvæðinu.


Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 64/2006 er tilkynningarskyldum aðilum og stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu þeirra skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar skv. 17. og 18. gr. um að rannsókn sé hafin vegna gruns um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eða að slíkri rannsókn kunní að verða hrundið af stað.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins felur í sér takmarkanir að aðgangi að upplýsingum um viðskiptamann, jafnframt því sem hann fær rétt á að fá upplýsingar um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi. Efnahagsbrotadeild telur að ákvæði 11. gr. ofangreinds frumvarps feli í sér takmarkanir á því að fjármálafyrirtæki geti aflað upplýsinga um viðskiptamenn í ljósi laga nr. 64/2006 og á þeim rannsóknarheimildum sem að ofan er lýst og brjóti auk þess í bága við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 64/2006.

F.h.RLS

  
Thelma Clausen Þórðardóttir

  
Eyjólfur Arnarsson